



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að frumvarpi til laga um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar (DORA)

Samráð hófst

11.7.2024

Samráði lauk

10.9.2024

Fjöldi umsagna

1

Umsagnaraðilar

Samtök fjármálafyrirtækja

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Frumvarpsdrög voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda 11. júlí – 10. september 2024 ([mál nr. S-146/2024](#)) og barst ein umsögn, frá Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF). Í umsögninni kom fram að samtökin fögnuðu innleiðingu DORA í íslensk lög og styðja markmið hennar. Þau bentu þó á að innleiðingin yrði áskorun vegna umfangs og ítarleika regluverksins. SFF lögðu áherslu á að tryggja þurfi skýrleika og stuðning frá eftirlitsstofnununum, m.a. með leiðbeiningum og upplýsingagjöf, og vörðu við því að áætlanir um gildistöku og viðurlög kynnu að vera óraunhæfar með tilliti til smærri markaðsaðila. Þau lögðu því til að frekari útskýringar og leiðbeiningar yrðu veittar til að draga úr óvissu og áhættu. Þá áréttuðu samtökin að innleiðingin gæti haft kostnaðar- og samkeppnisáhrif, sér í lagi fyrir smærri aðila á fjármálamarkaði, og mótmæltu á sama tíma að innleiðingin leiði til hækkunar eftirlitsgjalds. Mikilvægt væri að huga að hagræðingu og nýrri forgangsröðun verkefna í eftirliti til að koma í veg fyrir eða lágmarka þörf á hækkun eftirlitsgjalds. Ráðuneytið tók framangreind sjónarmið SFF til skoðunar og horfði til athugasemda í umsögninni við frágang frumvarpsins. Við endurflutning frumvarpsins á haustþingi 2025 var lagt til að gildistaka miðaðist við 1. nóvember 2025. Efniskröfur DORA byggjast á alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum um bestu framkvæmd, en rétt þótti að gefa aðilum á fjármálamarkaði viðeigandi svigrúm til að undirbúa uppfyllingu ákvæða reglugerðarinnar, t.d. að því er varðar stýringu upplýsinga- og fjarskiptatækniáhættu vegna þriðju aðila sem getur t.d. kallað á endurskoðun samninga. Stjórnvaldssektarákvæði tók breytingum frá því sem gert var ráð fyrir í drögunum sem birt voru í samráðsgátt, þar á meðal hámarksfjárhæðarviðmið sekta á einstaklinga sem SFF gagnrýndu í umsögninni. Við framlagningu frumvarpsins á Alþingi var lagt til að það yrði 65 millj. kr., en horft var til fyrirmýnda í öðrum lögum, sbr. skýringar við 5. gr. frumvarpsins.

Samráði um undirbúning frumvarpsins er nánar lýst í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu (sjá [bskj. 99 – 99. mál](#) á 157. löggjafarþingi 2025-2026).

Skjal að loknu samráði

Frumvarp til laga um stafrænan viðnámsprótt var upphaflega lagt fyrir Alþingi á vorþingi 2025, sjá [261. mál](#) á 156. löggjafarþingi 2025, en náði ekki fram að ganga. Það var endurflutt að mestu óbreytt á haustþingi 2025, sjá [99. mál](#) á 157. löggjafarþingi 2025-2026.

Lög um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar, [nr. 78/2025](#), voru samþykkt á Alþingi 12. nóvember 2025 og birt í A-deild Stjórnartíðinda 1. desember 2025. Þau öðlast gildi 1. janúar 2026.